

Fjárhags- og viðskiptanefnd Alþingis,  
Austurstræti 8-10,  
150 Reykjavík.

Reykjavík, 18. febrúar 2002.

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga til breytingar á lögum nr. 145/1994 um bókhald, lögum nr. 144/1994 um ársreikninga og lögum nr. 75/1981 um tekju- og eignarskatt, með síðari breytingum.**


Með bréfi dags. 10. febrúar sl. er þess farið á leit við Reikningsskilaráð að það láti í ljós álit á ofangreindu frumvarpi. Umsögn ráðsins fylgir hér á eftir:

- 1) Í 4. gr. segir að í skýringum verði að geta um hvaða aðferðum er beitt til að umreikna reikningsskil í erlendum gjaldmiðli í íslenskar krónur. Með þessum hætti er gefið í skyn að nokkrar aðferðir séu í boði í þeim efnunum. Svo er alls ekki. Samkvæmt viðurkenndum venjum er því þannig varið að reikningsskilum fyrirtækis, sem samin eru í starfrækslugjaldmiðli þess, skal umbreytt í annan gjaldmiðil eftir aðferð sem kennd er við núgildandi gengi (e. current rate method).
- 2) Í 5. gr. segir í lið a 1, að íslenskt félag sem er hluti af erlendri félagasamstæðu geti fengið heimild til þess að færa bókhald og semja reikningsskil í starfrækslugjaldmiðli hinnar erlendu félagasamstæðu. Sé því þannig varið að starfrækslugjaldmiðill hins íslenska félags er íslenska krónan, þá er engin ástæða til þess að veita þessa heimild.
- 3) Í 5. gr. segir í lið a 2, að félög sem eiga erlend dótturfélög eða hlutdeild í erlendum félögum og meginstarfsemi þeirra er erlendis mega færa bókhald og semja reikningsskil í erlendum gjaldmiðli. Ef meginstarfsemi í þessari setningu tekur til fyrst nefnda félagsins þá er heimildin eðlileg, annars ekki. Þess vegna er óþarfi að tilgreina erlend dótturfélög eða erlend hlutdeildarfélag sem skilyrði í þessu sambandi, því sé meginstarfsemi íslensks félags erlendis er ástæða til að ætla að starfrækslugjaldmiðill þess sé erlendir gjaldmiðill.
- 4) Í 5. gr. segir í lið a 4, að félög sem hafa verulega hluta fjárfestingar sinnar og skulda henni tengdri og skráðar í erlendum gjaldmiðli fái heimild til að halda bókhald og semja reikningsskil í erlendum gjaldmiðli. Mörg íslensk fyrirtæki nýta í rekstri sínum eignir sem keyptar eru erlendis frá og kjósa á stundum að fjármagna kaup á þeim eignum með erlendum lánum; það eitt og sér gerir ekki hinn erlenda gjaldmiðil að starfrækslugjaldmiðli fyrirtækis. Sé hins vegar rekstrarumhverfi fyrirtækisins þannig, að það stundar reksturinn aðallega í íslenskum krónum, þá er engin sérstök ástæða til þess að veita slíku fyrirtæki umrædda heimild, þrátt fyrir að eignir hafi verið keyptar erlendis frá og fjármagnaðar með erlendum lánum, enda er starfrækslugjaldmiðill þessa fyrirtækis íslenska krónan.

5) Í 8. gr. frumvarpsins segir, að félög sem heimild hafa fengið til að færa bókhald og semja reikningsskil í erlendum gjaldmiðli skuli eftir sem áður skila framtali í íslenskum krónum. Það er skoðun Reikningsskilaráðs að heimild til þess að halda bókhald og semja reikningsskil í erlendum gjaldmiðli eigi að takmarka við þau fyrirtæki sem stunda reksturinn í raun og veru í erlendum gjaldmiðli. Það að lán miðast við erlendan gjaldmiðil er eitt og sér alls ekki nægjanleg ástæða til þess að fá slíka heimild. Í þessu sambandi þarf fyrst og fremst að líta til þess hvernig tekju- og gjaldamyndun er í viðkomandi félagi, en einnig getur skipt máli að líta til fjárfestingar í varanlegum rekstrarfjármunum og fjármögnunar á þeim. Sé því þannig varið að fyrirtæki stundar sinn rekstur í gjaldmiðli öðrum en íslensku krónunni, er hún vondur mælikvarði á frammistöðu fyrirtækisins í rekstrinum. Það eru aðalrökkin fyrir því að heimila að bókhald og reikningsskil séu samin í erlendum gjaldmiðli; afkomu- og efnahagsmælingin verður áreiðanlegri en ella væri og í meira samræmi við rekstur viðkomandi fyrirtækis. Með hliðsjón af þessu kemur mjög á óvart að ekki skuli eiga að leyfa þessum fyrirtækjum að greiða skatta samkvæmt lögum um tekju- og eignarskatt miðað við þá mælingu á afkomu og efnahag sem betur á við, þ.e. í hinum erlenda gjaldmiðli.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum er möguleiki á því, að félag sem heimildina hefur fengið og með réttu, sýni góðan hagnað í hinu erlenda uppgjöri en tap í íslenska uppgjörinu til skatts og hið gagnstæða er einnig mögulegt. Slík niðurstaða er auðvitað fráleit. Vonandi er það tilgangurinn með lagasetningunni að innra bókhald fyrirtækis sem stundar rekstur í erlendum gjaldmiðli sé í samræmi við reikningsskil sem birt eru fjárfestum og öðrum notendum reikningsskila. En tilgangurinn hlýtur einnig að vera sá, að þessi fyrirtæki sem og erlend fyrirtæki, sem hingað kynnu að vilja koma og stunda hér rekstur og í erlendum gjaldmiðli, að þau sæti skattlagningu miðað við afkomumælingar og efnahagsmælingar í hinum erlenda gjaldmiðli. Annað fyrirkomulag sýnist stríða gegn þeim tilgangi frumvarpsins.

Með virðingu,



Fh Reikningsskilaráðs,  
Stefán Svavarsson, formaður